

# Fundargerð

26. fundur

*Byggðaráð Langanesbyggðar kom saman til fundar kl. 17:00, mánudaginn 15. sept. 2008 í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.*

Mættir: Siggeir Stefánsson, Sigurður Ragnar Kristinsson ( í síma ) og Sigurður Jóhannes Jónsson. Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá.

### 1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

Atvinnumálanefnd, 08.09.08. Samþykkt samhljóða.

Hafnarnefnd, 13.09.08. Samþykkt samhljóða.

### 2. Mál. Úthlutun leiguíbúða.

Sigurður Ragnar Kristinsson gerði grein fyrir því að hann teldi sig vanhæfan til að taka þátt í afgreiðslu málsins þar sem systir hans sværi einn umsækjanda. Vanhæfni samþykkt og vék Sigurður Ragnar af fundi.

Samþykkt að úthluta Kristbjörgu Nielsdóttur Pálmholt 3 en bjóða Andreu Björk Sigurvinsdóttur Pálmholt 5 þar sem leigjandi þeirrar íbúðar hefur óskað eftir minni íbúð t.d. Vesturvegi 10.

Sigurður Ragnar mætti aftur á fundinn. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að leigjandi íbúðarinnar að Pálmholti 6 hefur sagt upp leigusamningi með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. sept að telja. Samþykkt að auglýsa íbúðina lausa til umsóknar.

### 3. Mál. Gatnagerðarframkvæmdir.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að stefnt væri að fundi með verktökum miðvikudaginn 24. sept n.k. Þá mun liggja fyrir hvort samstaða næst á meðal verktaka um jarðvegshluta framkvæmdarinnar. Einnig kom fram að ítrekuð hefur verið beiðni til Fjárlaganefndar og samgönguráðherra varðandi aðkomu Vegagerðarinnar að malbikunarframkvæmdum næsta sumar.

### 4. Mál. Önnur mál.

Samráðsfundur um lokaskil staðarvalsskýrslu v/ Drekasvæðisverkefnis.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundinum sem fyrirhugað er að halda í húsnæði Línuhönnunnar í Reykjavík þriðjudaginn 16. Sept. n.k. Samþykkt að Björn Ingimarsson, sveitarstjóri og Þórir Jónsson, formaður byggðaráðs, sæki fundinn.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið 17.33.

Björn Ingimarsson, ritari.